

Dalaveitur ehf.

Aðalfundur vegna 2019 og 2020

Fimmtudaginn 23. júlí 2020 var haldinn aðalfundur einkahlutafélagsins Dalaveitna ehf. í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 12:05.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Einar Jón Geirsson, Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Dagskrá:

1. Setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Skúli Guðbjörnsson formaður stjórnar setti fundinn og lagði hann til að að Þuríður Jóney Sigurðardóttir verði fundarstjóri og Kristján Sturluson fundarritari.

Samþykkt.

Mætt er á fundinn fyrir hönd eina hluthafa félagsins, sveitarfélagsins Dalabyggðar. Er því mætt fyrir allt hlutafé og öll atkvæði í félaginu. Skv. samþykkt 247. fundar byggðarráðs Dalabyggðar 25.06.2020, í umboði sveitarstjórnar í orlofi hennar (dagskrárliður 1), fer Skúli Guðbjörnsson með atkvæði Dalabyggðar á aðal- og hluthafafundum Dalaveitna ehf.

Fundurinn lýstur löglegur og gengið til dagskrár

2. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Unnið var að lagningu ljósleiðara bæði árin. Vegna fjarveru verktaka tókst ekki að klára verkefni sem áætluð voru 2019 á því ári. Þegar fundurinn er haldinn hefur verið lokið við lagningu ljósleiðara í samræmi við áætlanir fyrir utan lagningu strengs frá Ólafsdal inn í botn Gilsfjarðar.

Í lok árs 2019 tók félagið yfir rekstur hitaveitu á Laugum í Sælingsdal.

Á árinu 2018 hélt stjórn 10 fundi og 2019 voru þeir 8 auk hluthafafundar sem haldinn var 19.12.2019.

3. Ársreikningar 2018 og 2019 lagðir fram.

Ársreikningar eru hluti af samstæðureikningi Dalabyggðar og hafa verið afgreiddir af sveitarstjórn.

Tap á árinu 2018 var (í þúsundum króna) 6.332 og eigið fé og skuldir kr. 131.305.

Tap á árinu 2019 var (í þúsundum króna) 12.595 og eigið fé og skuldir 136.236.

Samþykkt.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað/tap og arð og framlög í varasjóð.

Tillaga frá stjórn um að ekki verði greiddur út arður. Tekið verður lán vegna framkvæmda til að mæta tapi.

Samþykkt.

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Tillaga frá stjórn að greiðslur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra verði óbreyttar.

Greiðsla fyrir hvern fund er kr. 15.000. Formaður fær 50% til viðbótar.

Framkvæmdastjóri fær sömu greiðslur fyrir fund og stjórnarmenn.

Samþykkt.

6. Kjör í stjórn félagsins.

Sveitarstjórn Dalabyggðar tilnefnir fulltrúa í stjórn félagsins. Eru þeir eftirtaldir samkvæmt samþykkt samþykkt 162. fundar sveitarstjórnar 14.06.2018:

Aðalmenn: Skúli Hreinn Guðbjörnsson formaður, Sigríður Huld Skúladóttir og Þuríður Jóney Sigurðardóttir.

Varamenn: 1. Einar Jón Geirsson, 2. Pálmi Jóhannsson og 3. Ragnheiður Pálsdóttir.

Tillaga sveitarstjórnar Dalabyggðar staðfest.

7. **Kjör endurskoðenda**

Tillaga frá stjórn að KPMG verði endurkjörin endurskoðandi félagsins.

Samþykkt.

8. **Lántaka**

Á 193. fundi sínum 22.06.2020 samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar eftirfarandi (dagskrárliður 7): „Dalabyggð samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Dalaveitna ehf. kt: 590117-1880 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.000, með lokagjalddaga þann 5. október 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir. Er lánið tekið til fjármögnunar lagningu ljósleiðara í Dalabyggð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Kristján Sturlusyni, kt: 110858-2549, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Dalabyggðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns. Tekið verður lán í lánafllokki LSS34 til 14 ára, 1. gjalddagi 4.4.2021.“

Aðalfundur Dalaveitna ehf. samþykkir að tekið verði lán að upphæð kr. 30.000.000 í samræmi við framangreint.

9. **Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Skúli Guðbjörnsson

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Kristján Sturluson

Einar Jón Geirsson